



## Þingmenn Suðurkjördæmis

### Efni: Minnisblað fyrir þingmannafund á kjördæmavíku

Ég vil byrja á því að þakka fyrir tækifærið til að hitta þingmenn og taka samtalið um mikilvæg málefni er varða sveitarfélögin. Einnig vil ég þakka þeim þingmönnum sem gáfu sér tíma til að svara erindi sem barst ykkur um samgöngumál í Flóahreppi og sérstaklega vil ég þakka þeim þingmönnum sem gáfu sér tíma til að heimsækja okkur og ræða málin, bæði samgöngumál og önnur mál sem brenna á okkur hjá Flóahreppi.

Í Flóahreppi búa í dag 716 íbúar og er meðalaldur íbúa 38,7 ár. Mikill áhugi er á hvers kyns uppbyggingu í sveitarfélaginu enda staðsett rétt utan við alla þjónustu og í innan við klukkustundar akstursfjarlægð frá Reykjavík. Mikil tækifæri eru vegna nýrrar Ölfusárbrúar og teljum við að brúin muni efla svæðið enn frekar hvað varðar uppbyggingu og brúin mun tengja svæðið enn betur saman sem eitt atvinnusóknarsvæði.

Það eru nokkur atriði sem Flóahreppur vill leggja sérstaka áherslu á í þessu samtali.

### Samgöngumál

*Sveitarstjórn Flóahrepps leggur áherslu á að aukið fjármagn verði sett í eðlilegt viðhald á vegum innan sveitarfélagsins þannig að markmiðum samgönguáætlunar um að auka öryggi í samgöngum, stuðla að jákvæðri byggðaþróun og efla svæðið sem atvinnusvæði verði náð.*

- *Innan við helmingur tengivega, sem tengja saman stofnvegi, eru með bundnu slitlagi og enginn tengivegur nær saman alla leið á bundnu slitlagi.*
- *Malarvegir eru víðast hvar í mjög slæmu ástandi. Vegagerðin hefur sinnt mölburði á nokkrum vegaköflum í haust en þeir vegir sem lentu utan þess eru í verulega slæmu ástandi. Héraðsvegir í sveitarfélaginu hafa fengið litla þjónustu um árabil þó þeir falli undir veghald Vegagerðarinnar. Haustheflun var að hefjast á mánudaginn og við höfum fengið upplýsingar um að einungis lengstu vegir verði teknir og að ekki sé til fjármagn til að taka styttri héraðsvegi sem ekki fengu heflun í vor.*
- *Erfiðlega gengur að uppfylla reglugerðir um hámarksdvöl nemenda í skólabílum þar sem akstursleiðir eru seinfarnar sökum skorts á eðlilegu veghaldi. Dæmi er um að akstursleið sem er 40 km önnur leið taki nálægt klukkutíma í akstri vegna ástands vega. Við þessar aðstæður má einnig velta fyrir sér hvort við séum að bjóða börnum upp á heilsusamlegt og öruggt umhverfi þá 180 daga á ári sem þau sækja skóla.*
- *Bætt umferðaröryggi er brýnt og má þar fyrst nefna þörfina á því að skilgreina Villingaholtsveg nr. 305 og Gaulverjabæjarveg nr. 33 sem aðalbrautir sem njóti aðalbrautarréttar. Í dag á umferð af hliðarvegum forgang á þessa umferðarþungu vegi og er slyshættan mikil þar sem vegfarendur gera sér ekki grein fyrir aðstæðum. Vegagerðin hefur upplýst okkur um að fara eigi í endurskoðun á þjóðvegakerfinu með aðalbrautir í huga í haust eða vetur og leggjum við áherslu á að Innviðaráðuneyti fylgi því verkefni fast eftir og að málin verði kláruð næsta sumar með viðeigandi yfirborðsmerkingum og nýjum umferðarmerkjum.*
- *Þjóðvegur 1 liggur í gegnum sveitarfélagið Flóahrepp og við þjóðveginn skapast oft slyshætta. Að- og fráreinum þarf að fjölga til að bæta umferðaröryggi.*



- *Einu hjáleiðirnar af Þjóðvegi 1 eru um Flóahrepp á kaflanum frá Selfossi og að Þjórsárbrú og hefur það sýnt sig að ófremdarástand skapast þegar nýta þarf hjáleiðir, hvort sem það er að sumri eða vetri. Þúsundir bíla fara um mjóa og slæma malarvegi ef grípa þarf til hjáleiðar í gegnum sveitarfélagið. Við sáum skýr dæmi um þetta síðasta vetur og í sumar.*
- *Slæmar samgöngur eru hamlandi þáttur í eðlilegri og jákvæðri byggðaþróun og að sveitarfélagið geti eflst sem búsetusvæði, atvinnusvæði og áfangastaður. Íbúar og aðrir vegfarendur verða ítrekað fyrir tjóni, óhöppum og óeðlilegu sliti á bílum vegna slæmra aðstæðna.*

Íbúar dreifbýlisins og á landsbyggðinni eiga rétt á góðum og eðlilegum samgöngum líkt og íbúar höfuðborgarsvæðisins. Í því samhengi verður líka að hofa á að stór hluti ferðamanna sem sækja Ísland ferðast um vegakerfi Suðurlands.

*Bókun Flóahrepps um samgöngumál frá því í ágúst fylgir með þessu yfirliti fyrir þingmenn kjördæmisins til upprifjunar.*

## **Öryggi og heilsa íbúa**

*Ekki er ásættanlegt að draga úr framlögum til löggæslu á svæðinu enda mikil íbúafjölgun og gríðarlegur fjöldi ferðamanna á svæðinu. Svæðið er stórt og víðfemt og lið lögreglunnar er of fámennnt miðað við verkefnið og stærð svæðisins. Mikilvægt er að standa vörð um þennan málaflokk og bæta við fjármagni til að auka almannaoöryggi á svæðinu.*

*Við búum á svæði þar sem náttúruöflin geta látið á sér kræla. Flóahreppur afmarkast af tveimur stórum jökulám þar sem ís- og krapastíflur geta myndast og valdið flóðum með tilheyrandi tjóni og hér í gegn liggur suðurlandsbrotabeltið sem getur valdið stórum jarðskjálftum. Öflugar almannavarnir, skýrir verkferlar og stutt viðbragð skiptir miklu máli fyrir okkar svæði.*

*Bæta þarf í framlög til geðheilbrigðismála og forvarna en forvarnirnar sem felast í sterkri stefnu í geðheilbrigðismálum eru ótvíræður ávinningur fyrir samfélagið allt.*

*Málefnum aldraðra þarf að gefa betri gaum. Á það meðal annars við um heilsuefningu aldraðra og uppbyggingu og stuðning við dagþjónustu fyrir aldraða á landsbyggðinni.*

*Mikilvægt er að bjóða upp á góða og faglega heilbrigðisþjónustu á þessu svæði og tryggja aðgengi íbúa að læknum og sérfræðingum í heimabyggð.*

## **Tekjustofnar og fjármál sveitarfélaga**

*Með eðlilegri skattlagningu á orkumannvirki gefst tækifæri til að styrkja tekjustofna sveitarfélaga og er mikilvægt að þau sveitarfélög sem hafa hvers kyns orkumannvirki innan síns sveitarfélags njóti ávinnings af nýtingu orkuauðlinda og orkumannvirkjum.*

*Endurskoða þarf lög um fjármagnstekjur þannig að sveitarfélög fái hluta af skattinum til að byggja upp eðlilega innviði og þjónustu við alla íbúa, líka fyrir þá sem lifa af fjármagnstekjum og greiða í dag ekkert til sveitarfélagsins sem þeir búa í.*

*Mikilvægt er að Jöfnunarsjóður sinni áfram hlutverki sínu um að jafna stöðu sveitarfélaga og jafna á þann hátt búsetuskilyrði og getu mismunandi gerða sveitarfélaga til að sinna lögmætum verkefnum sínum.*



## Raforkuöryggi og rafmagnskostnaður í dreifbýli

Á fundi sveitarstjórnar í ágúst bókaði sveitarstjórn um raforkuöryggi í sveitarfélagsinu. Í kjölfarið var óskað eftir upplýsingum frá RARIK um framkvæmdir við endurnýjun og styrkingu á dreifikerfinu í Flóahreppi síðustu 5 árin og áætlun. Í svari RARIK kemur fram að á næstu 7 árum verði öll býli í ábúð í dreifikerfi RARIK komin með þriggja fasa jarðstrengi til sín og 5 árum seinna verði búið að endurnýja allt dreifikerfið.

Í Flóahreppi eru enn um 40 km af loftlínunum sem eru víða að valda ítrekuðum truflunum. Við fögnum því að það sé verið að vinna í þessum málum en það skiptir miklu máli fyrir íbúa og atvinnurekendur að búa við tryggt afhendingaröryggi á rafmagni.


Við teljum mjög brýnt að jafna kostnað við dreifingu rafmagns þannig að dreifbýlið greiði ekki hærra gjöld af flutning raforku en þéttbýlissvæðin. Fella þarf út heimild í lögum sem leyfir sérstaka gjaldskrá fyrir dreifingu rafmagns um allt land þannig að notendur sitji við sama borð þegar kemur að kostnaði við dreifingu rafmagns, sama hvar þeir búa. Þetta er stórt byggðapróunarmál sem hefur áhrif á uppbyggingu í dreifbýli.

## Vetrarþjónusta stofn- og helstu tengivega

Fyrir í dag fór fram samráðsfundur Vegagerðarinnar með sveitarfélögum á svæðinu varðandi endurskoðun á reglum um vetrarþjónustu. Það er von okkar að sá fundur verði til þess að reglur um vetrarþjónustu og flokkun þjónustustigs á vegum í vetrarþjónustu verði uppfært í samræmi við aukna umferð og uppbyggingu. Mikilvægt er að endurskoða reglurnar með reglulegu millibili í takt við breytingar. Þar þarf að taka tillit til atvinnu- og húsnæðisuppbyggingar ásamt aukningu ferðamanna allt árið um kring.

Það er ljóst að auka þarf í fjármagn ef bæta á þjónustuna en samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni var gert ráð fyrir 3,8 milljörðum í vetrarþjónustu á árinu 2023 en útkomuspá sýnir tæplega 4,6 milljarða og það er þá miðað við núverandi þjónustustig.

Hugmyndir eða sviðsmyndir sem Vegagerðin vinnur nú fyrir Innviðaráðuneytið hljóma upp á 6,2 – 7,8 milljarða. Það er von okkar að ráðuneytið horfi af alvöru í að auka fjármagn til vetrarþjónustu og uppfæri þjónustuflokkun á fjölförnum tengivegum í dreifbýli.





Þingborg 16.08.2023

Innviðaráðuneytið

b/t Sigurður Ingi Sigurðsson, innviðaráðherra og 2. þingmaður Suðurkjördæmis

Sölvhóls götu 7

101 Reykjavík

**Efni: Samgöngumál í Flóahreppi**

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 15. ágúst 2023 voru samgöngumál í Flóahreppi á dagskrá. Sveitarstjórn Flóahrepps leggur áherslu á að aukið fjármagn og kraftur verði sett í uppbyggingu og viðhald á vegakerfinu í sveitarfélaginu.

Meðfylgjandi er bókun sveitarstjórnar.

### **„Samgöngumál í Flóahreppi**

Skv. 7. grein vegalaga nr. 80/2007 sér Vegagerðin um gerð vegaskrár sem er skrá yfir þjóðvegi og ber Vegagerðin ábyrgð á veghaldi skráðra vega í vegaskrá. Þjóðvegir á vegaskrá í Flóahreppi eru alls skráðir 149,42 km. Þar af eru stofnvegir 31,93 km, tengivegir 58,92 km og héraðsvegir 58,58 km.

Stofnvegir eru hluti af grunnkerfi samgangna. Á milli stofnvega í sveitarfélaginu eru tengivegir sem eru mikilvægur og órjúfanlegur hluti af vegakerfinu í sveitarfélaginu. Innan við helmingur tengivega í Flóahreppi eru með bundnu slitlagi og enginn af tengivegum í Flóahreppi ná saman alla leið á bundnu slitlagi. Sá hluti tengivega sem eru malarvegir eru víðast hvar í slæmu ástandi. Héraðsvegir í Flóahreppi eru stór hluti af vegakerfinu og víða liggja þeir að mörgum býlum og íbúðarhúsum og umferð um þá er töluverð. Héraðsvegir eru í mjög slæmu ástandi og þungt hefur reynst fyrir íbúa að ná fram eðlilegu viðhaldi á skráðum héraðsvegum.

Í dag er þjóðvegur 1 í gegnum Flóahrepp eini þjóðvegurinn sem skilgreindur er sem aðalbraut í Flóahreppi. Slyshætta við fjölfarna vegi líkt og Villingaholtsveg nr. 305 og Gaulverjabæjarveg nr. 33 er mikil þar sem þeir vegir eru ekki skilgreindir sem aðalbrautir og hægri reglan gildir um forgang um veginna.

Sveitarstjórn Flóahrepps harmar slæmt ástand malarvega í sveitarfélaginu og á það jafnt við um tengi- og héraðsvegi. Íbúafjölgun og fjölgun ferðamanna á svæðinu kallar á bættar samgöngur og horfa verður á mikilvægi þess að byggja upp betri vegi út frá öryggissjónarmiðum. Reglulega er mikilli umferð frá þjóðvegi 1 beint í gegnum Flóahrepp vegna framkvæmda eða slysa. Skólaakstursleiðir liggja um stærstan hluta vegakerfis sveitarfélagsins og slæmir malarvegir ekki boðlegir fyrir börn sem sitja í skólabíl 180 daga á ári. Vegna slæmra vega gengur erfiðlega að uppfylla reglugerðir um hámarksdvöl nemenda í skólabílum þar sem akstursleiðir eru seinfarnar.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að Vegagerðin skrái Villingaholtsveg nr. 305 og Gaulverjabæjarveg nr. 33 sem aðalbrautir sem njóti aðalbrautarréttar þannig að umferð um þá vegi hafi forgang gagnvart umferð af hliðarvegum. Biðskyldumerki og



*stöðvunarskylda verði þá sett á viðeigandi staði til að auka umferðaröryggi á veginum enda mikil og hröð umferð um vegina.*


*Slæmar samgöngur eru hamlandi þáttur í eðlilegri og jákvæðri byggðapróun og að sveitarfélagið geti eflst sem atvinnusvæði og áfangastaður. Íbúar og aðrir vegfarendur verða ítrekað fyrir tjóni, óhöppum og sliti á bílum vegna slæmra aðstæðna.*

*Sveitarstjórn kallar eftir auknu fjármagni til eðlilegs viðhalds á vegum innan sveitarfélagsins þannig að markmiðum samgönguáætlunar um að auka öryggi í samgöngum, stuðla að jákvæðri byggðapróun og efla svæðið sem atvinnusvæði verði náð.*

*Samþykkt með 5 atkvæðum."*

Sveitarstjórn Flóahrepps óskar eftir skriflegum viðbrögðum við bréfi þessu og bókun sveitarstjórnar. Fulltrúar sveitarstjórnar eru einnig tilbúnir að koma á fund með ráðherra til að fara betur yfir þessi mál.

f.h. sveitarstjórnar Flóahrepps

  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

*Samrit: dómsmálaráðherra, þingmenn Suðurkjördæmis, formaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingi og forstjóri Vegagerðarinnar*